# Ó...berg (?) Jónsson

Bjarni Benediktsson – Ó...berg (?) Jónsson - Rauðliðar

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Reykjavík 13 Marts 1942.

Föstudaginn fyrir Kosningar

Háttvirti Borgarstjóri —

Þakka Yður fyrir Bréf Yðar sem mjer var ánægja að lesa og sem eg álít að hafa mikla þýðingu fyrir þessa kosningar sem nú fara fram á sunnudag, því mitt álit er, og reynsla að best sje að tala við sem flesta af sínum meðborgurum í hógværum tóni, og koma þeim í skilning um, að ef Rauðliðar komast að, þá sje raunverulega búið að eyðileggja alla framtíð okkar kæra Reykjavíkurbær.
Jeg rita þessar línur til Yðar af góðum hug, og eins til þess að láta Yður vita, að þjer standið ekki einn

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það er líka hinir ósýnilegu sem vinna
kappsamlega í Alþýðfl. fyrir því að
okkar flokkur vinni glæsilegan sigur
á Sunnudag. — Það er skylda hvers
Sjálfstæðismanns að unna sjer ekki
hvíldar fyrr enn á Sunnudagskvölds-
tala við sem flesta, og láta sem flesta
kjósa, ef allir Sjálfstæðismenn gera sitt
til að hjálpa, þá er eg viss um að það
vegur mikið á móti allri þeirra svívirðu-
legu lygi og áróðri sem Gandmenn Reykja-
víkur hafa þyrlað upp. — Mjer er gleði
að geta unnið fyrir Sjálfstæðisflokkinn
því það er að vinna fyrir minn kæra bæ
Reykjavík sem eg er fæddur og uppalinn
í og gæti ekki hugsað mjer að sjá í
höndum skarsvikara sem kalla sig Verkalýðsvini
sem eru ekki annað enn Verkalýðspekulantar.

Virðingarfylst.

Í. Akarberg-Jónsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur